

## Summary

Key terms: Annual meeting, efficiency, stock market, shareholder, trend, stock price.

In recent years the trade and exchange of Icelandic stock has risen annually. At the same time stock market professionals have attempted to analyze the behaviour/trend of the markets in order to be able to time the purchase and sale of stock with minimum risk. For that purpose several analysis tools are used in order to make policy making in trade as easy as possible.

In this study a five year period in the Icelandic stock market is used as background information. The initial idea was to ascertain whether it was possible to evaluate the stock trend in the days leading up to an annual meeting and the days immediately following the annual meeting. For that purpose two types of analytical tools were used, regression analysis and the Kruskal-Wallis analysis. These tools were used in an attempt to evaluate the possible relation between specific days and stock trend and whether there was a connection between the branches of the market. The results of the study show decisively that the mean stock trend was rising in all the companies in the days leading up to the annual meeting, as opposed to the days after the annual meeting when the mean stock trend is reduced, which in turn makes buying stock more feasible after the annual meeting. It is evident that a marked relation is between the changes in stock trend and the days before the annual meetings of the companies. The results also strengthen the assumption that it is possible via statistical analysis to chart the stock market trend that according to the data it is more likely to profit from the sale of stock prior to the annual meeting. There were fairly clear indications of market trends prior to the annual meetings in the branches of retail and service, which indicate that it is possible via analysis to statistically predict the trend for this group in the days prior to and immediately following the annual meeting.

## Samantekt

Lykilhugtök: Aðalfundur, skilvirkni, hlutabréfamarkaður, hluthafi, fylgni, gengi

Á undanförunum árum hefur verslun og viðskipti með íslensk hlutabréf farið stigvaxandi á Íslandi. Samhliða því hafa aðilar markaðarins reynt að kortleggja hegðun hans svo hægt verði að tímasetja kaup og sölu hlutabréfa með sem minnstri áhættu. Í því skyni eru ýmis greiningartæki nýtt svo ákvarðanatöku í viðskiptum verði sem auðveldust.

Í rannsókninni er stuðst við fimm ára tímabil á íslenskum hlutabréfamarkaði. Lagt var upp með það að markmiði að kanna hvort hægt sé yfir höfuð að leggja mat á hegðun gengis bréfa dagana fyrir og eftir aðalfundi félaga. Til þessa voru notuð tvenns konar greiningartæki, annars vegar aðhvarfsgreining og hins vegar Kruskal-Wallis. Með þeim var leitast við að meta hugsanleg tengsl milli daga og gengisbreytinga og þess hvort samband sé á milli greina markaðarins. Niðurstöður rannsókanna bentu eindregið til þess að meðalbreyting gengis allra félaganna nokkrum dögum fyrir aðalfundi sé nokkuð hærri en eftir aðalfundi og er munurinn þó nokkur þar á milli. Fylgni er jákvæð sem gefur vísbendingu um að stefna breytinganna sé stígandi jafnt og þétt fram að aðalfundi en eftir þá lækkar meðalbreytingin sem gerir kaup á hlutabréfum hagstæðari eftir aðalfund. Fram kemur að marktækt samband er á milli breytinganna og daganna fyrir aðalfundi félaganna. Þá benda niðurstöður einnig til þess að með tölfræðilegri greiningu sé hægt að kortleggja hegðun hlutabréfa og samkvæmt gögnum eru meiri líkur á því að hagnast á sölu bréfa fyrir aðalfund. Nokkuð marktækar vísbendingar fengust um hegðun gengis fyrir aðalfund félaga í greinum verslunar og þjónustu sem bendir til þess að með greiningu sé tölfræðilega hægt að spá fyrir um hegðun þessa hóps dagana fyrir og eftir aðalfundi hans.